

hún því eigi lögð til grundvallar dómi um efni máls. Ber því skv. framan-sögðu að vísa máli þessu frá sakadómi.

Sakarkostnað allan ber að greiða úr ríkissjóði, þ.m.t. laun skipaðra verjenda beggja ákærðu, nefnds Kristjáns hdl., og Hákonar Árnasonar hrl. v/ Pálma Þórs Jónssonar, kr. 6.000,00 til hvors þeirra.

D ó m s o r ð:

Ákæru í málinu er vísað frá sakadómi.

Sakarkostnaður skal greiðast úr ríkissjóði, þ.m.t. laun skipaðs verjanda ákærða Jóseps, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 6.000,00 og skipaðs verjanda Pálma, Hákonar Árnasonar hrl., kr. 6.000,00.

Þriðjudaginn 8. október 1985.

Nr. 213/1985. **Ákæruvaldið**

gegn

Birni Einarssyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 9. september 1985, en þann dag fékk hann vitneskju um frávísunardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 16. s.m. Ríkissaksóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar á grundvelli ákæruskjalsins.

Frá varnaraðilja, Birni Einarssyni, hafa hvorki borist kröfur né greinargerð. Sverrir Einarsson sakadómari hefur sent Hæstarétti greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms ber að staðfesta hann.

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 27. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 481/1985: Ákærvaldið gegn Birni Einarssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali rikissaksóknara, dagsettu 18. júlí sl., á hendur ákærða, Birni Einarssyni, Háuhlið 20 í Reykjavík, fæddum 26. ágúst 1946 í Reykjavík.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa þann 15. febrúar 1985 haldið eftir af launum Finns Guðsteinssonar, Óðinsgötu 4, Reykjavík, kr. 25.000 upp í opinber gjöld til Gjaldheimtunnar í Reykjavík, en eigi skilað því fé heldur hagnýtt það í þágu fyrrgreinds firma, sem ákærði er einkaeigandi að.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Með bréfi Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dagsettu 14. mars sl., til rannsóknarlögreglu ríkisins var sent ljósrít af bréfi Gjaldheimtunnar, dags. 6. mars sl., til Benson innréttinga, Borgartúni 27, svo og ljósrít launaseðils, sem í bréfunum er nefndur kvittanir. Launaseðillinn sýnir, að fyrirtækið hafi haldið eftir 25.000 krónum af launum Finns Jakobs Guðsteinssonar til greiðslu opinberra gjalda hinn 15. febrúar sl., en peningunum hafði ekki verið skilað þrátt fyrir áskoranir.

Í bréfinu til rannsóknarlögreglunnar er óskað aðstoðar við innheimtu skuldarinnar, sem með dráttarvöxtum var á umræddum tíma sögð 25.981 króna. Þá var framangreint kært sem brot á 247. gr. almennra hegningarlaga.

Hinn 12. júní sl. var tekin skýrsla hjá rannsóknarlögreglu ríkisins af ákærða, Birni Einarssyni, sem upplýsti, að fyrirtækið Benson innréttingar væri einkafyrirtæki hans og hefði það og hann sjálfur verið tekið til gjaldprotaskipta. Staðfesti ákærði, að umræddur launaseðill væri frá fyrirtæki hans. Ákærði kvaðst ekki kannast beint við skuldina, en gjaldkeri fyrirtækisins hefði annast þau mál, er hana vörðuðu, en ákærði bæri ábyrgð á skuldinni, sem hann vefengdi ekki, að væri rétt.

Taldi ákærði, að peningarnir hefðu ekki verið til staðar, þegar útborgun til Finns Jakobs fór fram, heldur hefði fjárhæðin verið í rekstri fyrirtækisins.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107, 1976, annast lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna, til að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Ákærði var ekki spurður, hver hefði tekið þá ákvörðun að halda gjaldheimtufénu eftir hjá fyrirtækinu án þess að skila því, og ekki var gjaldkeri fyrirtækisins yfirheyrður um þetta né annað af rannsóknarlögreglu.

Framangreint atriði er það mikilvægt í málinu, að ekki verður talið, að frumrannsókn sú, er áður er getið, sé viðhlitandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar samkvæmt 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74, 1974, sbr. 13. gr. og 19. gr. laga nr. 107, 1976. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá sakadómi Reykjavíkur.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.